Viðauki við gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar 2020

- **Um útleigu á íþróttamiðstöð fyrir aðra starfsemi en íþróttaviðburði**

1.gr. Heimilt er að leigja félagasamtökum Íþróttamiðstöðina undir ráðstefnur, fundi, vörukynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er í útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.

2.gr. Leggja skal inn umsókn um leigu til forstöðumanns íþróttamannvirkja Fjallabyggðar. Úthlutar umsjónarmaður húsinu að fengnu samþykki fræðslu og frístundanefndar/bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.

3.gr. Verði leiga íþróttasalar samþykkt samkvæmt ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:

a) Leigutaki tilgreinir ábyrgðaraðila sem gengur persónulega í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.

b) Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.

c) Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.

d) Starfsmaður íþróttamiðstöðvar sé á vakt og gæti hann að udirbúiningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.

e) Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttamiðstöð. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um það sérstaklega til fræðslu og frístundanefndar/bæjarstjórnar.

f) Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.

g) Eftir útleigu skal forstöðumaður íþróttamannvirkja taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

4.gr. Gjaldskrá vegna útleigu íþróttamiðstöðvar til stærri viðburða. Leiga skal greidd fyrirfram.

A) Salarleiga

1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 38.950 kr.
2) Fyrir allan íþróttasalinn í sólarhring 123.000 kr.
3) Fyrir allan íþróttasalinn í eina helgi 235.750 kr.
4) Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.
5) Þrifgjald maður pr. klst. 5.630 kr.

B) Salarleiga og sundlaug

1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 54.320 kr.
2) Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaug í sólarhring 164.000 kr.
3) Fyrir allan íþróttasalinn og sundlaugina yfir eina helgi 338.250 kr.
4) Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20 % álag ofan á salarleigu.
5) Þrifgjald maður pr. klst. 5.630 kr.

C) Salarleiga, sundlaug og líkamsrækt

1) Fyrir hverjar byrjaðar 6 klst. 71.750 kr.
2) Fyrir alla íþróttamiðstöðina í sólarhring 220.370 kr.
3) Fyrir alla íþróttamiðstöðina yfir eina helgi 440.750 kr.
4) Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 20% álag ofan á salarleigu.
5) Þrifgjald maður pr. klst. 5.630 kr.

Samþykkt af bæjarstjórn 21. nóvember 2019